



Verð: 44.990.-

Merlin lóðstillta sjónaukastæðið er einfalt, stöðugt og samtímis afar meðfærilegt. Auðvelt er að festa þrífót undir og nýta drifið í ýmsa stjörnuljósmyndun. Stæðið ber allt að 4 kg. Tengja má myndavél, stjörnusjónauka eða myndbandstökuvél við það. Með fjarstýringunni má beina sjónaukanum eða myndavélinni hvert sem er á næturhimininn og láta drifið fylgja hreyfingu stjarna! Tölvubúnaðurinn geymir í minni 42.900 stjarnfyrirbæri. Merlin lóðstillta sjónaukastæðið hentar því stjörnuáhugafólki bæði með mikla eða litla reynslu af stjörnuskoðun.

Upplýsingar

- **Ein arma lóðstillt sjónaukastæði**
- **Handstýring og rafmagnsdrif**
- **Staðsetningaminni**
- **Þrífótarfesting**
- **Fjölhraðadrif (1., 4. og 8. faldur hraði stjörnutíma)**
- **Ber allt að 4 kg þyngd**
- **Létt og meðfærilegt**

